



Ungir leiðtogar

Ungir leiðtogar er námskeið sem ætlað er ungu fólki með það að markmiði að fræða það um verkalýðshreyfinguna og efla það sem leiðtoga hvort sem er á vinnustaðnum eða á breiðari vettvangi. Námskeiðið er sniðið að ungum félögum í verkalýðshreyfingunni, trúnaðarmönnum, starfsmönnum stéttarfélaga og ungu fólki í trúnaðarráðum.

Þrátt fyrir að ungt fólk (18-35 ára) sé stór hópur á vinnumarkaði er virkni þess lítil innan stéttarfélaga og aðkoma þess að stjórnnum, þingum og ákvörðunartöku innan verkalýðshreyfingarinnar takmörkuð. Ungt launafólk glímir við ótal áskoranir á vinnumarkaði og mikilvægt er að rödd þess heyrist víða.

Námskeiðið samanstendur af þrem námslotum sem miða að því að styrkja ungt fólk í verkalýðshreyfingunni og gera því kleift að koma röddum ungs fólks á framfæri, á vinnustaðnum, innan hreyfingarinnar og úti í samfélaginu. Með námskeiðinu gefst ungum félögum kostur á að öðlast fjölbreytta þekkingu á verkalýðshreyfingunni ásamt því að efla ræðumennsku, framkomu og sjálfsstyrk. Síðast en ekki síst er námskeiðinu ætlað að styrkja enn frekar tengsl og samvinnu ungs launafólks þvert á starfsgreinar og landshluta.

Fyrsta lota: 22. – 23. mars – 09:00 – 16:00 – Guðrúnartún 1, 1. hæð

Í fyrstu lotu verður áhersla lögð á að hrista hópinn saman. Farið verður yfir tilgang námskeiðsins og áhersla lögð á samstöðu innan hópsins. Ræðumennska og róttækni verður rauði þráðurinn þar sem málefni verkalýðshreyfingarinnar verða sett í skemmtilegan búning. Þátttakendum gefst einnig tækifæri til að koma á framfæri þeim baráttumálum sem brenna á þeim og öðlast færni við að afla upplýsinga um hin ýmsu samfélagslegu málefni. Þá verður einnig farið yfir hvernig samskipti fólks litast af völdum og virðingu hvort sem er á milli kynja, á vinnumarkaði, á milli þjóða eða í öðrum samskiptum. Sumir hafa meiri völd og betri stöðu en aðrir og það er mikilvægt að geta greint völdin og hvernig þeim er beitt til þess að geta brugðist við þeim.

Leiðbeinendur: Kristín Ýr Gunnarsdóttir sérfræðingur hjá ASÍ, Hildur Margrét Jóhannsdóttir hagfræðingur hjá ASÍ, Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands og Ólafur Kjaraun Árnason, hagfræðingur og kosningaráðgjafi

Önnur lota: 26. – 27. apríl – 09:00 – 16:00 – Guðrúnartún 1, 1. hæð

Í annarri lotu verður farið yfir uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar, baráttu í sögulegu samhengi og baráttu nútímans. Farið verður yfir uppbyggingu hreyfingarinnar, kjarasamninga og samskipti við stjórnvöld þar sem m.a. verður farið í heimsókn í velferðarráðuneytið. Áhersla verður lögð á hvernig koma megi röddum ungs fólks á framfæri og hvernig stuðla megi að jákvæðum breytingum. Hvernig getur launafólk komið málum á dagskrá innan verkalýðsfélaga og hvernig getum við komið þeim á



dagskrá á vettvangi Alþýðusambandsins. Lota tvö byggir á samtölum, hópavinnu og raunhæfum verkefnum þar sem nemendur geta byggt ofan á þekkingu fyrstu lotu til að koma þeim málefnum sem brenna á þeim á framfæri.

Leiðbeinendur: Halldór Oddsson, lögfræðingur hjá ASÍ og Róbert Farestveit, hagfræðingur hjá ASÍ

Priðja lota: 24. – 27. maí - Brussel

Priðja lotan verður haldin í Brussel. Farið verður í heimsókn til ETUC (Evrópsku verkafélagsshreyfingarinnar) og ungliðaþjálfarar frá ETUI (fræðslumiðstöð ETUC) munu fræða nemendur um áskoranir ungs fólks á evrópskum vinnumarkaði þar sem áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar eru farnar að hafa áhrif á störf. Dæmi eru áhrif stafræna hagkerfisins, hátt atvinnuleysi ungmenna og ótrygg atvinna, og jaðarsetning ungs fólks á vinnumarkaði. Jafnframt verður tekið hús á ITUC (International Trade Union Confederation) þar sem einblínt verður á vel heppnaðar herferðir þeirra. Stærstu heildarsamtök launafólks í Belgíu, FGBT, verða sótt heim þar sem kynntar verða fyrir hópnum þær áskoranir sem samtökin hafa rekist á í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna og þá sérstaklega deiliahagkerfið. Þá munu ungliðar FGBT kynna starf sitt og uppbyggingu.

Priðja lota byggir í meira mæli en fyrri lotur á fyrirlestrum, en þó mun þátttakendum líka gefast kostur á að spreyta sig á raunhæfum verkefnum og taka þátt í umræðum á ensku um þau mál sem brenna á ungu fólki í Evrópu.

Leiðbeinendur: Thaddée D'haegeleer, hagfræðingur FGFB, Ignacio Doreste, sérfræðingur hjá ETUC, Ilario Costantini, sérfræðingur hjá ETUI.

Kostnaður er aðeins 117 þúsund, en ASÍ niðurgreiðir námskeiðið að stórum hluta.

Innifalið í námskeiðsgjaldi er:

- Námsgögn
- Hádegismatur og síðdegishressing (lota 1 og 2)
- Kvöldmatur (lota 1 og 2)
- Flug (Icelandair) og gisting með morgunmat (Thon hotel) í Brussel
- Kvöldmatur í Brussel – öll þrjú kvöldin

Nánari upplýsingar veita:

Kristín Ýr Gunnarsdóttir
Hildur Margrét Jóhannsdóttir
Halldór Oddsson
Róbert Farestveit

Skráning fer fram hjá asi@asi.is. **Síðasti skráningardagur er 23. febrúar**



Alþýðusamband Íslands